

Beiðni um upplýsingar frá mennta- og barnamálaráðuneytisins um þróun kostnaðar vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Frá fjárlaganefnd - send með tölvupósti 11. maí 2023

Á fundi fjárlaganefndar með ráðherra í gær kom fram að kostnaður ríkisins og hins opinbera vegna barna sem væru með annað móðurmál en Íslensku kynni að nema milljörðum króna á næstu árum. Í framhaldi af því er óskað ítarlegri upplýsinga frá ráðuneytinu um í hverju þessi árlegi kostnaður er fólgin, hvernig stofnkostnaður vegna hans greinist eftir árum og í hverju hann er fólgin. Mat á viðhaldskostnaði ef einhver er. Hver er árlegur rekstrarkostnaður, kostnaður vegna tilfærslna og annars og í hverju er hann fólgin? Hver má gera ráð fyrir að þróun kostnaðarins verði, annars vegar miðað við spár um fjölda barna, fjölgun þeirra og hvenær og hvernig „stökkbreytilegur“ kostnaður kemur inn í áætlunina. Jafnframt er óskað eftir öðrum þeim upplýsingum sem ráðuneytið býr yfir og telur þörf á að veita til að upplýsa nefndina eins vel og kostur er á um þessi mál.